

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag á Hesthúsatúni í landi Austurkots.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 18. janúar 2007 tillögu að deiliskipulagi á lóð fyrir íbúðarhús, hesthús og vélageymslu á svonefndu Hesthúsatúni í landi Austurkots í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:2000 þann 10. október 2006 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 9. nóvember til og með 21. desember 2006.

Uppdráttur og greinargerð vegna tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 15. mars 2007.

Bárður Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar.

B-deild – Útgáfud.: 13. apríl 2007